

fólk í fréttum



Þessi hópur hefur unnið í samtals um 1000 ár fyrir Héðinn, f.v. Sverrir Sveinsson, Gunnar Magnússon, Gunnar Gunnarsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Maríusson, Sigurjón Guðnason, Aðalsteinn Ingimundarson, Stefán Ólafsson, Pétur Sigurbjörnsson, Guðmundur Sigurðsson, Ágúst Pálsson, Ketill Björnsson, Axel Sigurðsson, Sveinn Jónatansson, Óskar Jónsson, Gísli Guðlaugsson, Ólafur Kristjánsson, Sigrún Markúsdóttir, Valtýr Gíslason, Guðjón Emilsson, Þorgeir Jónsson, Sigurður Gíslason og Þorsteinn Stefánsson.

HÉÐINN

Fjöldi heiðraður á afmæli Héðins

Fyrir stuttu var haldin 70 ára afmælisveisla Héðins hf. á Hótel Sögu sem, 250 sóttu. Við það tækifæri voru margir núverandi og fyrrverandi starfsmenn fyrirtækisins heiðraðir. Gullmerki Héðins fengu þeir sem eiga 50 ára starf að baki eða meira. Af þeim eru

þrjár starfandi enn við fyrirtækið, en alls á sá hópur að baki samtals um 1000 starfsár fyrir Héðinn! Silfurmerki fengu hins vegar þeir sem lokið hafa 25 til 40 árum í þágu fyrirtækisins. Allir eru þeir starfandi við fyrirtækið enn þann dag í dag.



Þetta fólk hefur 25 til 40 ára starfsferil að baki hjá Héðni, f.v. Markús Sveinsson, Sverrir Sveinsson, Haukur Júlíusson, Elías Hergeirsson, Friðjón Friðjónsson, Sigríður Friðriksdóttir, Tómas Tómasson, Júlíus Sigmarsson, Gísli Jóhannsson, Guðni Marelsson, Þórarinn Öfjörð, Elisabet Bjarnadóttir, Halldór Vigfússon, Jóhann Guðmundsson og Einar Brynjólfsson.

GAFLARA- & EYJAKVÖLD

MEÐ VÍKINGAÍVAFI

HALLI & LADDI VERÐA HEIÐURSVÍKINGAR N.K. FÖSTUD.KVÖLD

ATHUGIÐ AÐ UPPSELT HEFUR VERIÐ Á HIN VINSÆLU GAFLARA- OG EYJAKVÖLD SÍÐUSTU HELGAR. VIÐ MINNUM Á AÐ NÚ ERU AÐEINS EFTIR TVÆR HELGAR:

FÖS. 13. NÓV. LAUS BORD
LAU. 14. NÓV. UPPSELT
FÖS. 20. NÓV. UPPSELT
LAU. 21. NÓV. LAUS BORD
FÖS. 27. NÓV. LAUS BORD
LAU. 28. NÓV. LAUS BORD



FJÖRUGARÐURINN ER TILVALINN STAÐUR FYRIR HÓPA SEM VILJA REYNA EITTHVAÐ NÝTT. ÞRÍRÉTTUÐ MÁLTÍÐ FYRIR KR. 2600,- GÓMSÆTIR GRILLRÉTTIR FRAMREIÐDIR AF SYNGJANDI GENGILBEINUM OG VÍKINGUM. LÍFLEG TÓNLIST OG STEMNING SEM ENGU ER LÍK.

FJÖRUKRÁIN
FJÖRUGARÐURINN
Sími 651213 - 651890


STRÍÐSHETJA

Svarthöfði skrifar bók

Hetjan úr Flóabardaga, hershöfðinginn Norman Schwarzkopf (sem merkir Svarthöfði), er nýbúin að gefa út endurminningabók sem heitir *It Doesn't Take a Hero* - Það þarf ekki hetju til. Bókarheitið er sótt í orð hershöfðingjans þegar hann sagði að það þyrfti ekki hetju til að skipa mönnum til orrustu, en það þyrfti hetju til að vera í hópi þeirra sem leggðu til orrustu. Bókin geymir bæði minningar frá uppvaxtarárunum og herförinni miklu gegn Saddam Hussein.

Norman Schwarzkopf átti erfða æsku og ólst upp í fjölskyldu sem leið mikið fyrir áfengissýki húsmóðurinnar. „Oft á tíðum átti ég í miklu tilfinningastríði við ritun bókarinnar. Drykkja mömmu átti ekki minnstan þátt í að móta mig í uppveitinum, ég vona að aðrir skilji að þeir eru ekki einir í kringumstæðum sínum og að þeirra getur beðið dásamleg framtíð,“ segir hershöfðinginn. Norman dvaldi mikið hjá föður sínum, sem var atvinnuhermaður, og fylgdi honum á milli staða. „Ég tel hermennskuferlinn hafa byrjað þegar ég flutti 12 ára gamall með föður mínum til Íran. Eftir þá reynslu átti við um mig það sem oft er sagt, að það er hægt að taka hermenn úr hernum, en herinn tekur þú aldrei úr hermanninum.“ Leiðin lá víðar á vegum hersins, til West Point herskólans og til Evrópu. „Stríðsævintýri þabba urðu næsta óraunveruleg samborið við orrusturnar heima. Mamma var oft orðin drukkin fyrir kvöldmat, þá jagaðist hún í systur mínum þangað til þær fóru að gráta og ég lét mig hverfa inn í herbergi.“


Norman Schwarzkopf er ham-



Hershöfðinginn úr Flóabardaga, Norman Schwartzkopf, hefur nú ritað endurminningar sínar.

ingjusamlega giftur og á tvær dætur og einn son. Hann kann Saddam Hussein litlar þakkir fyrir að hafa rænt sig tíma með fjölskyldunni. „Þegar ég fór að heimán var sonur minn að komast á unglingsaldur. Þegar ég kom heim aftur, nú mánuðum síðar, hafði hann vaxið um heilt fet og kominn í mútur. Ég missti af þessum umskiptum.“ Sem vænta má var heimkoman úr Flóabardaga eftirminnleg. „Daginn sem ég kom heim ríkti algjör ringulreið. Fjölskyldan hafði geymt allar jólagjafirnar og ég opnaði þær í apríl. Hundurinn var alveg að tapa sér, það var endalaus straumur af gestum og síminn stoppaði ekki. Í miðri hringiðunni bar konan mín í mig mat, líkt og ég væri nýsnúinn úr fangabúðum. Þetta var einn af þessum dásamlegu dögum sem orð fá ekki lýst.“

Hershöfðingj-
anum barst
fjöldi gjafa
frá aðdáend-
um um víða
veröld. Hann
gymir gjaf-
irnar í sér-
stöku her-
bergi.



Norman Schwarzkopf í faðmi fjölskyldunnar. Í efstu röð eru sonurinn Christian og eiginkonan Brenda, dæturnar Cindy og Jessica eru sín til hvorrar handar föður sínum og fremstur er hundurinn Bangsi.